



17. Janúar 2023

Atmonia ehf.

SABIC AN

SABIC Agri-Nutrients kaupir einkarétt á notkun tækni Atmonia í Mið-Austurlöndum.

Riyadh, Sádi-Aríbía og Reykjavík, Ísland – 17. Janúar 2023

SABIC AN og Atmonia ehf. hafa gengið frá samningum þar sem SABIC AN kaupir einkarétt á notkun tækni Atmonia til framleiðslu á sjálfbæru ammoníaki í Saudi-Arabíu, Bahrein, Kúveit og Óman. Atmonia er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki með byltinarkennda vöru í þróun sem framleiðir ammoníak á sjálfbæran hátt.

Mr. Munif-Al, Munif, yfirmaður tækniþróunar og nýsköpunar hjá SABIC AN segir: „Þessi samningur sýnir að SABIC AN er sannfært um að Atmonia muni ná sínum markmiðum og koma vörunni á markað. SABIC AN er staðráðið að beita sér gegn þeirri umhverfisvá sem nú steðjar að með því að framleiða sjálfbæran áburð, en í dag er 1-2% af kolefnisfótspori af mannavöldum í heiminum vegna framleiðslu ammoníaks til notkunar í áburð. Þar að auki lofar sjálfbært ammoníak góðu sem rafeldsneyti og með notkun þess í sjóflutningum væri hægt að minnka kolefnisfótspor heimsins um 3% til viðbótar. Notkun ammoníaks í flugi og til orkuflutninga er einnig að fá aukna athygli. Notkun á sjálfbæru ammoníaki í áburð og sem rafeldsneyti eru því mikilvæg skref í átt að kolefnislausri framtíð“.

Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia útskýrir frekar: „Við erum að þróa efnahvata sem mun gera okkur kleift að framleiða sjálfbært ammoníak úr einungis vatni, nitri andrúmslofsins og grænni orku. Stofnkostnaður við uppsetningu tækninnar verður lágur miðað við núverandi framleiðslutækni og býður varan okkar því upp á lágan framleiðslukostnað á ammoníaki ef orkan sem er notuð er ódýr, t.a.m. frá vel staðsettum sólarorkugörðum. Tæknin sem við erum með í þróun frmlleiðir ammoníakið við staðalaðstæður (herbergishita og staðalþrýsting), svo það er ódýrt að kveikja og slökkva og hentar því mjög vel til að taka við raforku sem verður til óreglulega, t.a.m. sólar- og vindorka. Tækni Atmonia hentar ennig vel til framleiðslu í litlum einingum, t.d. á býli eða við hafnir, en núverandi framleiðsla verður að fara fram í risastórum verksmiðjum til að vera hagkvæm. Miklum framförum var náð í vöruþróun Atmonia á síðasta ári og sala á einkaréttinum til SABIC AN eykur fjárhagslegt svigrúm til frekari þróunarvinnu. Atmonia er einnig að hefja fjármögnunarferli til að fraða vöruþróun

enn frekar, en fyrirtækið finnur fyrir mjög mikilli eftirspurn eftir vörunni, þrátt fyrir að hún sé enn í þróun".

Um SABIC AN

SABIC er alþjóðlegt efnafyrirtæki með höfuðstöðvar í Riyadh, Saudi Arabíu. Fyrirtækið framleiðir fjölbreyttar vörur á stórum skala fyrir Suður- og Norður-Ameríku, Evrópu, Mið-Austurlönd og Asíu, þ.m.t. efnavörur, plast vörur, næringarefni til landbúnaðar og málma.

SABIC styður við sína viðskiptavinum með því að leita nýrra tækifæra í mikilvægum greinum, t.a.m. byggingariðnaði, lækningartækjum, pökkun, landbúnaði, raftækjum og sjálfbærri orku.

Hagnaður SABIC árið 2021 var 6,15 milljarðar Bandaríkjadala og tekjur 46.6 milljarðar Bandaríkjadala. Eignir SABIC stóðu í 84.9 milljörðum Bandaríkjadala í árslok 2021 og framleiðsla í 58 milljón tonnum.

Frekari upplýsingar á www.sabic.com

Um Atmonia

Atmonia er íslenskt sprotafyrirtæki sem þróar sjálfbært ferli fyrir ammóníakframleiðslu. Markmið Atmonia er að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda með nýrri tækni á sviði ammóníak- og nítratframleiðslu.

Tækni fyrirtækisins er bæði hagkvæm og umhverfisvæn og mun leggja mikið af mörkum í baráttunni gegn hlýnun jarðar.

Ný tækni Atmonia mun framleiða ammóníak úr lofti og vatni án þess að losa gróðurhúsalofttegundir, en núverandi ammóníakframleiðsluaðferð er ábyrg fyrir 1-2% af koltvísýringslosun af mannavöldum í heiminum.

Frekari upplýsingar á www.atmonia.com

Tengiliður:

Guðbjörg Rist, CEO Atmonia

gudbjorg@atmonia.com